

# SPÆNSKUR LAUGARDAGUR

3. febrúar 2024

- 11-16 Spánarkynning
- 13:00 Tango danssýning
- 13-16 Pronto vínsmökkun
- 14:00 Spænskur gítarleikur
- 14-15 Andlitsmálning

## GÖTUMARKAÐUR FJÖRÐUR



Sjá nánar á facebook viðburði

Fjörður Verslunarmiðstöð | Fjarðargötu 13-15 | fjordur.is

# GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek  
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga  
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins [KGP.IS](http://KGP.IS)

04. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 1. febrúar 2024

# Oftar en ekki opið

Garðabær Opið alla daga frá 8-23:30



Krambúðin

Nýjar íbúðir  
komnar í sölu!  
Eskiás 3, Garðabær



Bókið skoðun

898 6106

KRAFTUR – TRAUST  
– ÁRANGUR



fasteignasala



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA

Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval



24/7  
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals  
Hæðasmára

## Leikskólinn Urriðaból á lokasperttinum



Almar og Kristín Margrét undirrituðu samninginn um rekstur leikskólans sl. þriðjudag

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri og Kristín Margrét Baranowski, framkvæmdastjóri Skóla ehf hafa undirritað samning um rekstur sex deilda leikskólann Urriðaból við Holtsgötu 20. „Hér hefur sannarlega verið vandað til allra verka og það verður mikill fengur fyrir Garðabæ og Urriðaholt þegar leikskólinn tekur til starfa,“ segir Almar. „Við höfum átt afskaplega

gott og farsælt samstarf um heilsuleikskólann við Kaupþún og ég hlakka til að sjá Urriðaból við Holtsgötu fyllast af börnum og skapandi skólastarfi.“

Garðabær fær skólann afhentan frá framkvæmdaraðila um miðjan febrúar og fjótlega verður hægt að innrita allt að 120 börn á Urriðaból við Holtsgötu. (Frh. á bls. 2).



Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á [frumherji.is](http://frumherji.is)



- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



**YUZU** HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

“SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI”

SKÓLATILBOD  
**50% AFSLÁTTUR**  
AF CHICKENCADO, NICE GUY OG ELVIS

Tilboðið gildir alla virka daga frá 11:00 – 13:00 í janúar og febrúar í Lemon Garðabæ



**30% AFSLÁTTUR**  
MEÐ VILDARKORTI  
LINDAR

VILDARKORT  
LIND  
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



**LIND**  
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum boröplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)



FRÍMANN & HÁLFDÁN  
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann  
897 2468



Hálfmán  
898 5765



Ólöf  
898 3075



Kristín  
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is



## Snyrtistofan Kopar



Harpa Hermannsdóttir



Eva Þórunn Vignisdóttir

### Eva Þórunn og Harpa hafa flutt sig um set á Snyrtistofuna Kopar

**Í tilefni þess ætla þær að bjóða 20% afslátt af öllum andlitsmeðferðum í febrúar.**

Þær bjóða nýja og gamla viðskiptavinum velkomna á nýjan stað.

SNYRTISTOFAN KOPAR SMÍÐSBÚÐ 1, GARÐABÆ

Tímamantanir á Noona og síma 5345050



HARPA  
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19  
Garðabær  
harpa@harpautfor.is  
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir  
842 0204




Brynja Gunnarsdóttir  
821 2045

Vefmiðill Garðapóstsins **kgp.is**

# Safnanótt, stemmning og stuð í skammdeginu

Á morgun, föstudaginn 2. febrúar verður safnanótt haldin í Garðabæ líkt og annarsstaðar á höfuðborgarsvæðinu. Dagskráin í Garðabæ verður annarsvegar ætluð fjölskyldum og fer fram á bókasafninu og hinsvegar sýningaropnun, jazz og stuð á Hönnunarsafninu.

Dagskrá fyrir fjölskyldur fer fram á Bókasafni Garðabæjar á Garðatorgi frá kl. 17 en þá syngur Skólakór Sjálandsskóla undir stjórn Ólafs Schram og í kjölfarið boðið í bingó þar sem skemmtilegir vinningar verða í boði. Klukkan 18 hefst svo smíðja með grafíska hönnuðinum Unu Mariu Magnúsdóttur en skapandi skrif eru viðfangsefnið. Öll fjölskyldan getur tekið þátt og haft gaman saman í notalegu umhverfi bókasafnsins á Garðatorgi 7. Málverkasýning Huldu Hreindal opnar svo á veggnum klukkan 19 en sýningin er liður í safmstarfi bókasafns og Grósku.



Una María leiðir skapandi smíðju á Bókasafni Garðabæjar frá kl. 18-20

Á Hönnunarsafni Íslands verður opnun og innflutningsparty frá kl. 20-22. Sýning Lilýjar Erlu Adamsdóttur, Veggplöntur, verður opnuð en sýningin er „heimsókn“ inni föstu sýningu safnsins, Hönnunarsafnið sem heimili sem opnuð var fyrir



Víravirki Mörtu Staworowsku, en Marta flytur inn á vinnustofu Hönnunarsafns Íslands Garðatorgi á safnanótt



Lilý Erla opnar sýninguna Veggplöntur í Hönnunarsafni Íslands

ári. Lilý Erla er þekkt fyrir textilverk sín en hefur að undanförunu þróað veggteikningar sem minna á veggfóður en eru þó handmálaðar beint á vegg. Á sýningaropnuninni verður leikinn jazz en Birgir Steinn Theodórsson kontrabassaleikari ásamt félögum mun ljá viðburðinum enn meira líf. Í vinnustofunni verður innflutningsparty



Hulda Hreindal er listamaður mánaðarins hjá Grósku og opnar sýningu á bókasafninu á safnanótt

gullsmíðsins Mörtu Staworowsku sem verður við störf á safninu í næstu þrjá mánuði. Víravirki verður helsta viðfangsefni Mörtu í vinnustofudvölinni og í partyinu heldur DJ Kjörk uppi stuðinu. Það verður því blómlegt stuð í Hönnunarsafninu á safnanótt og öll sannarlega velkomin.

Framhald af forsíðu

Leikskólinn Urriðaból á lokasprettinum

## Heilbrigð sál í hraustum líkama

Samningurinn er til þriggja ára og í honum er kveðið á um að Skólar ehf. bera ábyrgð á framkvæmd faglegs leikskólustarfs samkvæmt aðalnámskrá leikskóla, lögum og reglugerðum ásamt rekstrarþáttum tengdum leikskólustarfinu.

Skólar ehf reka einnig leikskólann Urriðaból við Kaupþún og verða skólarnir reknir saman undir sama nafninu. Skólarnir starfa samkvæmt hugmyndafræði um heilsustefnu og í skólanum gilda í meginþáttum sömu reglur og í öðrum leikskólum Garðabæjar s.s. reglur um inntöku og gjaldskrá. Leiðarljós leikskólanna er „heilbrigð sál í hraustum líkama“ sem vísar í andlega, félagslega og líkamlega velferð með markvissri heilsuefningu í öllu skóla-



F.v. Guðbjörg Linda Undegard, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Almar, Kristín Margrét, Guðmundur Pétursson stjórnarformaður Skóla ehf, Ragnheiður Gunnarsdóttir leikskólustjóri og Edda Tryggvadóttir fjármálafulltrúi Skóla ehf

samféluginu. Lögd er áhersla á að byggja upp hæfni starfsfólks og nemenda til að

velja heilsusamlegt lífsemi, jákvæð og uppbyggjandi samskipti, ábyrga náttúruvernd, jafnrétti og lýðræði.



Leikskólinn við Holtstveg er afar fallegur og skemmtilega hannaður, en arkitektinn er Hulda Jónsdóttir. Þarfabing hefur séð um byggingu hans.

Nýverið komst Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála að þeirri niðurstöðu að deiluskipulagsbreytingar vegna lóðarinnar við Holtstveg 20, verði ekki ógild, en nefndin hefur haft málið til meðferðar frá því 2022.



# HALLÓ FEBRÚAR!



**98**  
kr/stk  
áður  
169 kr

**Stratos Bar Salty Caramel**  
37g



**269**  
kr/stk  
áður  
449 kr

**Monster Mango Loco**  
500 ml



**299**  
kr/stk  
áður  
429 kr

**Fanta Orange**  
Án sykurs  
500 ml



**799**  
kr/pk

**TGIF**  
Mozzarella, dippers & skins



**999**  
kr/pk

**Almondy**  
4 teg.



**199**  
kr/stk  
áður  
249 kr

**Carlsberg**  
0,0%  
330 ml



**719**  
kr/stk  
áður  
899 kr

**Goodfellas Deep Pan**  
Meat Fest & Cheesy




**495**  
kr/pk  
áður  
669 kr

**Haribo**  
Share the Happy Party Minis  
176g



**299**  
kr/stk  
áður  
499 kr

**Stórt Rís**  
50g



**699**  
kr/pk  
áður  
949 kr

**Nói Lakkris**  
Bland í poka - 400g



**299**  
kr/pk

**Haribo**  
Hlaup



**369**  
kr/stk  
áður  
529 kr

**Fulfil**  
Allart tegundir  
55g

# GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is  
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

## Garðapósturinn kemur næst út 8. febrúar

Síðasti skiladagur föstudaginn 2. febrúar  
valdimar@gp.is - Sími 697 4020  
Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár (Frá 1989)  
Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is  
Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram



## Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Garðabæ

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455



## Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

# Breyting á dvalartíma leikskólabarna í Garðabæ

## Markmiðið að bæta enn frekar skipulag og starfsumhverfi leikskóla

Í haust kynnti Garðabær breytingar á starfsemi leikskóla bæjarins. Breytingarnar eru gerðar með það að markmiði að bæta enn frekar skipulag og starfsumhverfi leikskóla þannig að tryggja megi stöðugleika í starfinu, farsæld barna og vellíðan starfsfólks. Þegar hafa farið fram nokkrir foreldrafundir þar sem þessar breytingar voru kynntar.

Líður í þessu eru breytingar á opnunartímum leikskólanna auk þess sem dvalartími verður að hámarki 40 klukkustundir á viku. Foreldrar/forráðafólk þurfa að skoða hvernig þau vilja hafa daglega viðveru barna sinna fyrir mánuðinn og skrá það inn í nýtt leikskólakerfi „Vala – leikskóli“ sem tekið verður í notkun 15. febrúar n.k.

Nákvæmar leiðbeiningar um skráningu í Völu koma í byrjun febrúar.

### Breytingar á dvalarsamningum

Leikskólastjórar munu afhenda foreldrum nýja dvalarsamninga til undirritunar í leikskólunum fyrir mánaðarmótin febrúarmars og eldri samningum verður sagt upp. Allir foreldrar fá nýjan dvalarsamning jafnvel í þeim tilfellum þar sem dvalartími barna breytist lítið.

### Breytingar á dvalartíma

Foreldrar/forráðafólk þurfa að skoða hvernig dvalartíma barna verður háttað, það er hvenær börnin mæta að morgni og hvenær þau ljúka leikskóladeginum. Þetta getur verið breytilegt.

Það sem þarf að hafa í huga varðandi skráningar áður en Vala verður tekin í gagnið er að:

- Skráningar á dvalartíma í nýju kerfi fara fram á tímabilinu 15.-20. febrúar.
- Breytingarnar taka gildi 1. mars 2024 samkvæmt nýrri gjaldskrá.
- Foreldrar/forráðafólk þurfa að hafa í huga merkja við í Völu hvort barnið verður til kl. 14 í leikskólanum á föstudögum eða lengur. Þetta er í samræmi við breyttar áherslur í starfsumhverfi leikskólanna.



Skráningar á dvalartíma í nýju kerfi fara fram 15.-20. febrúar.  
Mynd: Alexander Gray

• Með þessu breytta fyrirkomulagi er hægt að hafa dvalartíma mismunandi langan innan vikunnar og á milli vikna.

• Hámarks dvalartími er 40 stundir á viku og lágmarks dvalartími er 20 tímar (meðaltal fjögurra vikna).

### Dæmi:

1. Ef barn dvelur 37 klst. á viku þá getur skráningin verið 7 tímar á mánudögum, 8 tímar á þriðjudögum, 8 tímar á miðvikudögum, 8 tímar á fimmtudögum og 6 tímar á föstudögum.

2. Ef barn dvelur 40 klst. á viku í leikskóla getur skráning verið 9 klukkustundir fyrir fjóra daga og fjórir tímar fimmta dag vikunnar.

3. Aðra vikuna getur barn dvalið 42 klukkustundir en þá næstu 38 klukkustundir.

• Leikskólar í Garðabæ koma til með að loka kl. 16:30 mánudaga til fimmtudaga og kl. 16 á föstudögum frá 1. mars.

• Fyrir 20. febrúar 2024 þarf að vera búð að láta vita hvernig dvalartíma barna verður háttað í marsmánuði.

• Ef breytingar verða á dvalartíma barna á milli mánaða þarf að gera breytingu fyrir 20. hvers mánaðar en að öðrum kosti flýst hún á milli mánaða óbreytt.

• Aðeins þarf að skrá breytingar milli mánaða.

### Skóladagatal

Breytingar á skóladagatali 2023-2024 voru kynntar í janúar.

### Helstu breytingar eru:

• Leikskólar í Garðabæ loka í Dymbilvíkinni, en það þýðir að dagana 25.-29. mars verða leikskólar í Garðabæ lokaðir.

• Skipulagsdagur leikskóla verður 23. Febrúar. Þá eru allir leikskólar lokaðir.

• Gert er ráð fyrir því að leikskólabörn séu í leyfi 19.-22. febrúar þegar vetrarfrí er í grunnskólum. Þeir foreldrar sem ætla að nýta þjónustuna þurfa að skrá börn í dvöl í samráði við leikskólastjóra. Leikskólagjöld eru felld niður ef börnin eru í fríi alla dagana

Garðabær þakkar fyrir skilninginn á meðan innleiðingin á þessu nýja kerfi gengur í garð og vonum að þessar breytingar muni styrkja gott leikskólaumhverfi enn frekar.

Ef einhverjar spurningar vakna hafið þá samband við leikskólastjóra á ykkar leikskóla.

### Opnunartími leikskóla Garðabæjar frá 1. mars 2024:

Mánudagur 7.30-16.30  
Þriðjudagur 7.30-16.30  
Miðvikudagur 7.30-16.30  
Fimmtudagur 7.30-16.30  
Föstudagur 7.30-16.00

# Hönnunarsafn Íslands tekur þátt í Safnanótt frá kl. 20-22 föstudaginn 2. febrúar

Hönnunarsafn Íslands tekur þátt í Safnanótt frá kl. 20-22 föstudaginn 2. febrúar.

Þá opnar Lilý Erla Adamsdóttir sýninguna Veggplöntur. Sýningin er "heimsókn" inn í föstu sýninguna Hönnunarsafnið sem heimili. Fólk hefur þörf til að skreyta og breyta svo mörg heimili taka stöðugum breytingum. Lilý Erla er þekkt fyrir textilverk sín en hefur undanfarið verið að þróa veggteikningar sem minna á veggfóður en eru handteiknaðar beint á vegg.

Í anddyrinu verður innflutningsboð hjá gullsmiðnum Mörtu Staworowsku. Hún verður í vinnustofudvöl í safninu næstu þrjú mánuði. Marta er lærður landslagsarkitekt og gullsmiður. Hún vinnur talsvert með viravirki og það verður áhugavert fyrir gesti safnsins að fá innsýn í störf hennar næstu vikur.

Lilý Erla opnar sýninguna Veggplöntur föstudaginn 2. febrúar



Bassaleikarinn Birgir Steinn og félagar bjóða upp á djass á efri hæð safnsins milli 20-21. Samtímis heldur DJ Kjörk uppi stuðinu í innflutningsboðinu hjá Mörtu.

Öll velkomin.



Marta Staworowska gullsmiður hefur unnið mikið með viravirki

## Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is

Facebook.com/Gardaposturinn.is  
Instagram.com/Gardaposturinn

# MENNING Í GARÐABÆ

## DAGSKRÁ FEBRÚAR

### HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

#### Sýningar

3. febrúar 2023–1. mars 2026  
HÖNNUNARSAFNIÐ  
SEM HEIMILI

Sýning á gripum úr safneign safnsins sem sett er upp sem grunnmynd af heimili og rétt eins og á heimilum fólks eru hlutir fengir héðan og þaðan. Eðli málsins samkvæmt er fjölbreytileikinn allsráðandi.

#### Pallurinn

19. janúar–18. febrúar  
FALLEGUSTU BÆKUR  
Í HEIMI 2023

FÍT í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands standa fyrir sýningunni Best Book Design from all over the World 2023. Stiftung Buchkunst, þýsk samtök tileinkuð bóka-hönnun, hafa frá árinu 1963 veitt verðlaun fyrir bókahönnun viðsvegar um heiminn.

#### Vinnustofuvöl

2. febrúar–5. maí 2024  
MARTA STAWOROWSKA  
GULLSMIÐUR

#### Viðburðir

Safnanótt  
Föstudagur 2. febrúar  
kl. 20–22

Opnun á sýningunni *Veggplöntur* eftir Lilý Erlu Adamsdóttur sem er "heimsókn" á sýningunni Hönnunarsafnið sem heimili. Innflutningspartý Mörtu Staworosku gullsmiðs í vinnustofunni. Tónlist og tjútt um allt safn!

Sunnudagur 4. febrúar  
kl. 13

Leikur með þræði, fjölskyldusmiðja með Lilý Erlu Adamsdóttur.

Sunnudagur 18. febrúar  
kl. 13

EINAR ÞORSTEINN SEM INNBLÁSTUR.  
Fyrirlestur Þórunnar Árnadóttur  
vöruhönnuðar.

## TÓNLISTAR- NÆRING

#### Tónleikar

Miðvikudagur 7. febrúar  
kl. 12.15 Tónlistarskóli Garðabæjar

Ókeypis tónleikar á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar.

PAMELA DE SENSI  
flauta, MARGRÉT  
HRAFNSDÓTTIR söngur  
& KATIA CATARCI harpa

## BÓKASAFN GARÐABÆJAR

#### Viðburðir

Safnanótt  
Föstudagur 2. febrúar  
kl. 17–20 á Garðatorgi

Barnakór Sjálandsskóla syngur undir stjórn Ólafs Schram, bingó með spennandi vinningum og skapandi smiðja með grafíska hönnuðinum Unu Mariu Magnúsdóttur. Sýningaropnun Huldu Hreindal á vegum Grósku á veggnum.

Laugardagur 3. febrúar  
kl. 12–14 í Urriðaholtsskóla

BOLLA, BOLLA, BOLLA,  
BOLLUVANDA-SMIÐJA

Laugardagur 3. febrúar  
kl. 12–14 á Álftanessafni

LEIKIÐ MEÐ LJÓTABORÐ  
OG KUBBA

Miðvikudagur 7., 14. og 21. febrúar  
kl. 19–21 á Garðatorgi

LESRÓ  
Þreyjum Þórrann með lestri  
– Lesið frá ykkur sektir.

Fimmtudagur 15. febrúar  
kl. 10:30 á Garðatorgi

FORELDRASPJALL  
Matvendni barna, Sigrún Þorsteinsdóttir  
leiðir spjallið.

Laugardagur 17. febrúar  
kl. 13 á Garðatorgi

SKEMMTILEG SMÍÐJA  
UM SÖGUPERSONUR

Þriðjudagur 27. febrúar  
kl. 17:30 á Garðatorgi

FRÓÐLEIKSMOLI  
Gervigreind, Steinn Örvar Bjarnason  
fræðir gesti um möguleika gervigreindar.

AFTUR TIL HOFSSTAÐA OG  
MINJAGARÐURINN Á HOFSSTÖÐUM

Garðatorgi 7 og við Kirkjulund



Heildardagskráin er aðgengileg á Hönnunarsafni Íslands og Bókasafni Garðabæjar sem og þjónustuveri Garðabæjar. Þá má sjá rafræna dagskrá á vef Garðabæjar undir Mannlíf.

# Verður lengsta rennibraut landsins í Urriðaholti?

- Taktu þátt í lýðræðisverkefninu Betri Garðabær og skelltu inn góðri hugmynd að betri bæ fyrir 5. febrúar

Betri Garðabær er lýðræðisverkefni þar sem íbúar leggja fram hugmyndir að framkvæmdum sem þeir vilja sjá í Garðabæ. Hugmyndasöfnunin er opin og stendur hún til 4. febrúar 2024, en áætlað er að um 100 milljónir króna verði settar í framkvæmdirnar.

Garðabæingar eru nokkuð hugmyndaþríkir en alls voru komnar 121 hugmynd inn á Betri Garðabæ sl. sunnudag og voru þær að öllum toga og gerðum, sumar mjög áhugaverðar og skemmtilegar. Hér eru nokkrar nefndar.

## Setja upp rennibraut niður annan af grænu geirunum í Urriðaholti

Í Urriðaholti er mikið um brekkur sem oft eru erfiðar fyrir litla fætur. Með svona rennibraut væri hægt að búa til hvata fyrir börnin að fara út að leika, labba með mömmu og pabba eða bara nýta sér hana á leið heim úr skóla. Myndin sýnir mögulega legu og hvernig væri hægt að reisa hana í áföngum. Hægt væri að byrja á gula eða græna legnum en bæta hinum við síðar. Gert er ráð fyrir að þvera göngustíga og götur fótgangandi.



Einhver vill setja upp stytta af kettinum Sushi á Garðatorgi

## Setja upp stytta af Sushi á Garðatorgi

Kötturinn Sushi þekkja allir Garðabæingar. Hún veitir okkur félagsskap hvort sem við erum í skólanum, að versla eða í sundi. Hún á skilið fallega stytta til að heiðra hana og þakka henni fyrir gleðina sem hún færir öllum sem hitta hana.

## Húsnæði og afgirta lóð fyrir Siglingaklúbbinn Vog

Til þess að hægt sé að hefja starfsemi Siglingaklúbbsins Vogs í Ránargrund 2 þarf að koma upp húsnæði með félagsaðstöðu, búningaklefum, salernisaðstöðu og þess háttar. Lóðin þyrfti að vera afgirt til þess að hægt sé að geyma báta og búnað. Tengja þarf inn á lóðina rafmagn, heitt og kalt vatn. Í Siglingaklúbbnum Vogu eru nú tæplega 200 formlega skráðir meðlimir og fer þeim hratt fjölgandi. Vonandi verður hægt að halda fyrstu siglinganámskeiðin í sumar fyrir börn og unglinga.

## Gatan fyrir ofan

### leikskólann Akra verði vistgata

Gera götuna Línakur, sem liggur fyrir ofan Leikskólann Akra, að vistgötu þar sem gangandi vegfarendur og börn að leika hafa forgang umfram ökutæki. Mikill hraði er á ökutækjum á þessari götu þrátt fyrir að börn eru mikið að labba yfir götuna og leika sér í kring. Einnig er mikið um gangandi vegfarendur sem eiga leið þarna í gegn til að komast í Krónuna og bakaríið. Gera þyrfti breytingar til að draga úr hraða ökutækja. Hægt væri að helluleggja í stað malbiks, auka gróður, setja bekk.

## Fegrin á bæjarlækjunum

### Vífilsstaðalæk og Arnarneslæk.

Það væri gaman að sjá lækina tekna hægt og rólega í smá upplýftingu. Væri gaman

að sjá svæði þar sem væri búið að gera tjarnir þar sem hægt væri að sitja við og krakkar og fullorðnir gætu buslað smá. setti inn eina staðsetningu við leikvöllinn á flötunum þar sem góð tenging væri við það leiksvæði. Fleiri "tjarnir" eða vaðsvæði væru gaman að hafa.

## Battavöllur fyrir Bæjargil og Hæðahverfi.

Lítið hefur verið gert fyrir Bæjargil og Hæðahverfi á undanförunum árum. Skora á Garðabæ að setja upp battavöll á staðnum þar sem fótþolavöllurinn sem er fyrir neðan Hæðarból er núna. Fótþolavöllurinn sem er þar núna er nánast ónothæfur sökum ójafns undirlags. Einnig er varla hægt að stíga þar niður fæti fyrir gæsaskit. Stuðlum að heilbrigði fyrir bæði börn og fullorðna og komum upp battavelli fyrir íbúa þessara hverfa. Veit að það myndi gera mikið fyrir börnin að fá þetta í gegn.

## Laga klukkurnar á Garðatorgi

Er ekki kominn tími til þess að laga þessar klukkurnar endanlega? Það hefur verið langt síðan að hægt sé að stóla á þær og man ég sem krakki að ég horfði oft upp til þeirra á leið á æfingu, í tónlistar- eða skóla.

## Útsýnispallur yfir fuglana í fjörinni

Legg til að reistur verði útsýnispallur yfir grjótgardinn við fjöruna mótis við Kasthúsa-tjörn. Áður fyrr var hægt að njóta fuglanna í fjörinni, síðar var reistur grjótvamargarður, sem er ekki þægilegt að klifra uppá til að sjá niður í fjöruna. Þarna við bílplanið við tjörnina hef ég horft á fólk með börn klifra á garðinum.

## Hundaleiksvæði í Garðabæ

Garðabæingar hafa verið duglegir að fjölga hundum í bænum og nú vantar sárlega leikvelli fyrir þessa nýju íbúa. Hundar þurfa að geta hreyft sig taumlausir og eini staðurinn er Bali sem nú er mikið notaður. Þar er aftur á móti ekkert æfingarsvæði og svæðið oft yfirfullt. Það eru margir hundaeigendur sem myndu fagna þessum hundasvæðum. Garðabær myndi vera til fyrirmyndar fyrir önnur sveitarfélög á landinu.



Einhverjir vilja gera götuna fyrir ofan leikskólann Akra að vistgötu

## Þúttvöllur á Álfanesi á milli Gásamýri og Klukkuholts



Hugmynd! Verður lengsta rennibraut Íslands sett upp í Urriðaholti? Myndin sýnir mögulega legu rennibrautarinnar

## Þúttvöllur á Álfanesi

Nú er búið að skipuleggja svæðið Krókur á Álfanesi með lágrestri raðhúsabyggð. Við hönnun hverfisins myndaðist skemmtilegt opið svæði á milli Gásamýri og Klukkuholts. Hugmynd mín er sú að gerð verði þúttflöt eins og er við Vífilsstaðarveg í Garðabæ. Vegna endurskipulagningar Golfklúbbs Álfanes var æfingapúttflötin tekin úr notkun og er því kjörrið tækifæri að bæta úr þessu. Svæðið er mjög skjólsælt og myndi þjóna vel ungum sem öldnum. Með von um góðar undirtektir.

## Infraraud sauna og sturtur í útklefa við Álfaneslaug.

Álfaneslaug er frábær sundlaug en það má alltaf gera betur. Það væri frábært að fá infraraudan saunaklefa, eins og er í Ásgarðs-laug. Auk þess vantar sturtur í útklefa sem nú þegar eru til staðar.

## Aðstaða fyrir sjósunds- og sjóbaðsiðkendur í Helguvík

Mikill áhugi er á sjósundi og sjóboðum á Álfanesi. Þar er m.a. starfræktur öflugur félagskapur sem fer reglulega í Helguvík, á suðurnesinu. Þar vantar alla aðstöðu t.d. bætt aðgengi að fjörinni, bílastæði, skýli með snögum, sturtur og húsnæði fyrir iðkendur. Stöðugt fjölgar í hópi þeirra sem stunda þessa iðju, enda er um að ræða mikla heilsubót. Helguvík hentar vel,



Hundasvæði í Garðabæ

þar er stöðugur botn og sjávarföll frekar útreiknanleg. Mælingar hafa sýnt að um er að ræða hvað hreinasta sjóinn á svæðinu.

## Jólaskeyting við inngang inn í Urriðaholt í desember

Birta yfir innkeyrslu inn í hverfið í mesta skammdeginu. Dreifa jólaskeytingum á hverfi Garðabæjar.

## Skrúðgarður - Vífilsstaðir

Það vantar stað fyrir Garðabæinga líkt og er í öðrum bæjarfélögum þar sem hægt er að búa til skemmtilega jólastemningu. Samanber Hellisgerði í HFJ og Guðmundarlund í Kópavogi. Tilvalið að nota Vífilsstaðasvæðið í eitthvað svona skemmtilegt.

Tekið er undir með öðrum sem bent hafa á að allir alvöru bæir státi af fallegum skrudgarði. Svæðið við Vífilsstaði er gráupplagt til að rækta upp frábæran skrudgarð. Svæðið snýr á móti suðri og er með máttulegum halla. Það tengist öðrum útivistarsvæðum og eru möguleikarnir fjölmargir. Eflaust er hægt að nýta byggingarnar á svæðinu að einhverju leyti við starfsemi garðsins. Einnig væri hægt að tengja úti samkomusvæði svona skrudgarði.

## Seinna í skólann

Lang lang flestir í Garðaskóla hafa verið að tala um það að byrja seinna í skólanum í langan tíma, nú þegar allir skólar Reykjavíkur eru að byrja seinna í skólanum þá

hafa krakkar í Garðaskóla orðið svolítið órólegir vegna þess að skólinn byrjar svo snemma þar og þessi hugmynd hefur verið svo lengi hjá Garðaskóla, sem nemandi í Garðaskóla þá vil ég byrja á því að vekja athygli á að þetta verði tekið í umræður hjá bænum og helst að byrja þetta eftir vetrarfrí.

## Góðborgarar

Fermingar börn fari inná hjúkrunarheimili og bjóða til hátíðarmáltíðar fyrir eldri borgara og eða halda hátíðarkvöldverð í íþróttahúsi/sal. Með því tengjast saman kynslóðir þar sem þau yngri þjóna og sýna þeim eldri þakklaeti. Hin eldri njóta og fá að sjá yngri kynslóð blómstra sem veglegir afkomendur. Góðborgarakvöld yrði í boði Garðabæjar framkvæmt af áttundu bekkungum fyrir alla eldri borgara sem kjósa að þiggja.

## Lúpinulaus Garðabær

Ég myndi vilja sjá átak í upprættu lúpinu sem ógnar fríðlystum svæðum í bænum. Jafnvel að hafa lúpinudag til að hvetja fólk til að koma saman og styðja við íslensku flórana.

## Kosið um útvaldar hugmyndir í maí

Ákveðinn fjöldi hugmynda fer í rafræna kosningu í maí 2024 þar sem íbúar í Garðabæ fá að kjósa um hugmyndirnar.

## Skrúðgarður á Vífilsstöðum



# Snjallari grenndarstöðvar í Garðabæ

Á næstu vikum verða settar upp nýjar grenndarstöðvar. Snjalls kynjarar verða settir í alla gáma til að tryggja tímanlega losun og málmumbúðum og gleri verður safnað á öllum grenndarstöðvum.



## LITIL GRENNDARSTÖÐ:

Á litlum grenndarstöðvum verður tekið við málmum, gleri, skilagjaldsskyldum umbúðum auk textíls.

- Holtsvegur 49
- Sjálandsskóli
- Suðurnes við golfvöll

## Stór GRENNDARSTÖÐ:

Á stórum grenndarstöðvum verður, auk málna, glers, skilagjaldsskyldra umbúða og textíls, tekið á móti pappír/pappa og plastumbúðum.

- Skólabraut 5
- Ásgarður
- Holtsvegur 21
- Norðurnes við spennistöð



Finndu þína stöð á [sorpa.is](http://sorpa.is)  
Takk fyrir að flokka!

# Garðabær fyrsta sveitarfélagið til að tekjutengja hvatapeninga

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti fyrir áramót tillögur íþrótt- og tómstundaráðs um tekjutengingu hvatapeninga fyrir börn og ungmenni í bænum. Öll börn á aldri 5-18 ára, með lögheimili í Garðabæ, þ.e. börn fædd á árunum 2006-2019, geta fengið greiðslu hvatapeninga árið 2024 til niðurgreiðslu á æfinga- og námskeiðagjöldum í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi.

## Fjárhæð hvatapeninga og skilyrði tekjutengingar

Fjárhæð hvatapeninga árið 2024 verður óbreytt, þ.e. 55.000 kr., en nýjar reglur kveða á um að fjölskyldur sem eru undir skilgreindum viðmiðunartekjum öðlist rétt á 15.000 kr. viðbótargreiðslu hvatapeninga eða 70.000 kr. heildargreiðslu á hvert barn í þeirra forsjá.

Hægt er að sækja um viðbótarhvatapeninga í þjónustugátt Garðabæjar ef heildartekjur heimilis eru að meðaltali lægri en 800.000 kr. á mánuði hjá einstaklingi eða 980.000 kr. hjá sambýlisfólki m.v. launavísitölu 1. janúar 2024. Miðað er við staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjú mánuði þegar umsókn er send inn. Nánari upplýsingar má finna á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is.

## Hvað er hægt að nýta hvatapeninga í?

Hægt er að nýta hvatapeninga til að lækka kostnað við skipulagt íþrótt- og tómstundastarfi sem nær yfir 10 vikur að lág-

marki. Undantekning eru 5 og 6 ára börn þar sem lágmarkstímalengd námskeiða eru 20 kennslustundir óháð vikufjölda. Hægt er að ráðstafa hvatapeningum bæði til félaga innan Garðabæjar sem og í öðrum sveitarfélögum.

Ungmenni í þremur elstu árgöngunum, þ.e. þau sem eru fædd 2006, 2007 og 2008, geta fengið hvatapeninga greidda vegna kaupa á korti í líkamsræktarstöð. Þá er hægt að nýta hvatapeninga til að greiða niður tónlistarnám, bæði í Tónlistarskóla Garðabæjar sem og í öðrum tónlistarskólum.

Ef félag sem barn eða ungmenni iðkar íþróttir eða tómstundir hjá er tengt Sportabler eða XPS skráningarkerfinu er hægt að nýta hvatapeninga beint í gegnum kerfin. Nánari upplýsingar um hvernig sótt er um hvatapeninga má finna á vef Garðabæjar.

## Garðabær fyrsta sveitarfélagið til að innleiða hvatapeninga

Árið 2005 var Garðabær fyrsta sveitarfélagið til að innleiða svokallaða hvatapeninga en um var að ræða beinan fjárhagslegan styrk til niðurgreiðslu á æfingagjöldum. Styrkurinn var kallaður „hvatapeningar“ enda megin tilgangurinn að hvetja ungmenni til þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi. Um ákveðna upphæð var að ræða sem veitt var árlega. Fljótlega var styrkveitingin útvíkuð og hún látin ná til hvers konar tómstundaiðkunar sem greiða þurfti fyrir. Seinna meir bættist tón-

listarnám við. Með innleiðingu hvatapeninga var stuðlað að valfrlsi og jafnrétti á sviði íþrótt- og æskulýðsmála í Garðabæ. Þannig var greiðsla hvatapeninga ekki bundin við tiltekið félag og ekki heldur við íþróttastarfsemi í Garðabæ. Svo er enn í dag.



## Hvatapeningakerfið hefur reynst vel

Þetta framtak Garðabæjar vakti töluverða athygli sem varð til þess að fleiri sveitarfélög tóku upp svipað kerfi um styrkveitingar frístundastarfs, eins og hann er víða kallaður. Þetta kerfi hefur reynst vel. Bæði hefur það hvatt og aukið þátttöku ungmenna í hollu og skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi, en um leið hefur það styrkt íþrótt- og tómstundafélög og rennt styrkari stöðum undir starfsemi þeirra. Þannig hafa félögin getað innheimt æfingagjöld sem leiðir til þess að þau geta ráðið vel menntaða og hæfa þjálfara og leiðbeinendur. Hvatapeningakerfi Garða-

bæjar hefur verið við lýði í 19 ár og hefur góð reynsla fengist með því. Það er mikilvægur liður í umhverfi íþrótt- og æskulýðsmála í bænum en þróun þess er sífellt til umræðu.



Hrannar Bragi Eyjólfsson

sýna að þátttaka í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi undir leiðsögn faglegra leiðbeinenda hefur jákvæð áhrif á líðan barna og ungmenna og dregur úr áhættu- hegðun eins og áfengisneyslu, reykingum og neyslu óæskilegra efna.

## Leggjum grunn að heilbrigðu lífi barna og ungmenna – veitum jöfn tækifæri

Það er því mikils um vert að hvatapeningakerfi Garðabæjar sé þannig úr garði gert að það hvetji sem flest börn og ungmenni til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Markmiðið er að stuðla að jöfnum tækifærum barna og ungmenna í bænum. Það leggur grunn að heilbrigðu lífi barna og ungmenna sem leiðir að góðu og heilbrigðu samfélagi í Garðabæ.

Með þetta að markmiði samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar tillögu íþrótt- og tómstundaráðs um tekjutengingu hvatapeninga árið 2024.

Hrannar Bragi Eyjólfsson  
bæjarfulltrúi og formaður íþrótt- og tómstundaráðs

# FASTEIGNAGJÖLD 2024

Á álagningarseðli fasteignagjalda eru upplýsingar um fjárhæð fasteignaskatts, lóðarleigu, vatnsgjalds, holræsagjalds/rotþróargjald og sorpgjalds.

Gjalddagar fasteignagjaldanna eru tíu eða 15. hvers mánaðar, tímabilið janúar til október. Í þeim tilvikum sem fasteignagjöld ársins eru kr. 25.000 eða lægri er einn gjalddagi 15. apríl 2024.

Fasteignagjöldin eru til innheimtu í heimabönkum og greiðslu- og álagningarseðlar fasteignagjalda eru ekki sendir út í pappírformi.

Við álagningu hefur elli- og örorkulífeyrisþegum verið veitt lækkan eða niðurfelling samkvæmt reglum um viðmiðunar árhæð tekna á árinu 2022. Ath. ekki þarf að sækja um lækkanina.

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatnefndar skv. 3. mgr. 4.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu skv. 27. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

## Elli- og örorkulífeyrisþegar:

### Einstaklingar:

Einstaklingar með tekjur árið 2022 allt að kr. 6.680.000 greiða ekki fasteignaskatt og holræsagjald. Afsláttur lækkar um 1% við hækkun tekna um kr. 5.800 og fellur niður ef tekjur fara yfir kr. 7.260.000.

### Hjón:

Hjón með tekjur árið 2023 allt að kr. 8.500.000 greiða ekki fasteignaskatt og holræsagjald. Afsláttur lækkar um 1% við hækkun tekna um kr. 14.000 og fellur niður ef tekjur fara yfir kr. 9.900.000.



Skilyrði lækkanar eða niðurfellingar er að um sé að ræða íbúðarhúsnæði þar sem viðkomandi gjaldandi á lögheimili.

Hægt verður að nálgast álagningarseðil á vefsíðunni island.is.

Þjónustuver Garðabæjar og innheimtudeild í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg veita nánari upplýsingar varðandi álagningu gjaldanna í síma 525 8500.

Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið gardabaer@gardabaer.is

Bæjarritari





A man wearing a blue jacket, a black helmet, and grey pants is riding a yellow bicycle on a city street. He has a messenger bag on his back and is wearing blue and orange sneakers. The street is paved with cobblestones and is flanked by modern, multi-story apartment buildings with balconies. The sky is overcast.

NA

NORÐURÁL

SUMARSTÖRF HJÁ NORÐURÁLI

GERUM HEIMINN LÉTTARI

Við leitum að duglegu og metnaðarfullu fólki í fjölbreytt og vel launuð sumarstörf. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi í nágrenni Reykjavíkur og býður upp á ferðir til og frá vinnu. Velkomin í hópinn!

Nánari upplýsingar á [nordural.is](http://nordural.is)

# Aldrei þessu vant má snerta alla gripina

Þann 19. janúar sl. opnaði sýningin Fallegustu bækur í heimi. Sýningin stendur til 18. febrúar.

Best Book Design from all over the World keppnin hefur verið haldin frá árinu 1963 með það að markmiði að hvetja til aukins alþjóðlegs samtals um bókahönnun.

Í ár bárust í keppnina um 600 bækur frá 30 löndum og hlutu 14 þeirra verðlaun. Sýningin samanstendur af verðlaunabókunum og gestir geta fengið sér sæti og blaðað í bókunum.

Bækurnar koma frá Danmörku, Þýskalandi, Finnlandi, Grikklandi, Hollandi, Austurríki, Póllandi, Sviss og Suður Kóreu. Aðal verðlaunin í ár hlýtur bókun Susi + Ueli Berger. Kunst am Bau und im öffentli-



chen Raum 1968-2008. „Bókin er stuðningsrit við sýningu sem var sett upp með verkum Susi og Ueli en það ætti frekar horfa á hana sem sjálfstæða upplifun af verkum þeirra“ segir í umfjöllum dórnefndarinnar.

Sýningin er unnin í samstarfi við Félag



Íslenskra teiknara og Stiftung Buchkunst. Það er frítt inn á sýningar á Pallinum sem er inn af safnbúðinni á fyrstu hæð.

Hönnunarsafn Íslands, Garðatorgi 1, er opið alla daga frá 12-17 nema mánudaga.

Ljósmyndir: Vikram Pradhan

## Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar Komdu að æfa golf!



www.gkg.is



### Æfingar allan ársins hring

Hjá GKG er eitt besta inni æfingarsvæði á landinu og með þeim stærstu í Evrópu og er því möguleiki á því að æfa golf við kjöraðstæður allan ársins hring.

Við erum með 4 menntaða PGA kennara sem sjá um barna- unglunga og afreksþjálfun og höfum verið leiðandi í okkar fagi á Íslandi.



### 1x eða 2x í viku

Hægt er að velja á milli þess að vera á 1 æfingu í viku eða 2 æfingum í viku eftir því sem hentar betur.

Innifalið í æfingagjöldum árið 2024 er æfingapeysa merkt GKG og mótsgjald í eitt skemmtilegasta mót ársins - Meistaramót GKG!



### Verðskrá og skráning

HEILSÁRSGJALD	Í VIKU	
12 ÁRA OG YNGRI	1 ÆFING	60.000 kr.
12 ÁRA OG YNGRI	2 ÆFINGAR	85.000 kr.
13 - 18 ÁRA	1 ÆFING	75.000 kr.
13 - 18 ÁRA	2 ÆFINGAR	105.000 kr.

SUMARGJALD	Í VIKU	
12 ÁRA OG YNGRI	1 ÆFING	40.000 kr.
12 ÁRA OG YNGRI	2 ÆFINGAR	55.000 kr.
13 - 18 ÁRA	1 ÆFING	50.000 kr.
13 - 18 ÁRA	2 ÆFINGAR	70.000 kr.

Skráning fer fram á [www.xpsclubs.is/gkg](http://www.xpsclubs.is/gkg)

Nánari upplýsingar er að finna á [www.gkg.is](http://www.gkg.is)

### Róandi lestrarstundir í skammdeginu á Bókasafni Garðabæjar



Bókasafn Garðabæjar býður upp á rólegheit á vetrarmánuðunum fram undan.

Lesró bókasafnsins er alla miðvikudaga frá 31. janúar til 21. febrúar frá kl. 19-21, en í amstri dagsins getur verið erfitt að finna tíma til þess að slökkva á öllu áreitni og njóta lesturs. Þess vegna býður bókasafnið uppá Lesró fyrir þá gesti sem vilja koma og lesa í ró og næði. Við lofum huggulegri stemmningu og heitt verður á könnunni.

Prjónað og hlustað er haldið fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði kl. 10:30, en þá er hægt að koma mæta með prjónanna eða aðra handavinnu og hlusta á þægilegan upplestur af fræðandi og skemmtilegum sögum í flutningi Margrétar Berndsen Sigurgeirsdóttur, forstöðumanns Bókasafns Garðabæjar.

Náttfatasögustund verður haldin á bókasafninu þann 20. febrúar frá kl. 18-19 en þá eru börn á aldrinum 3-7 ára sérstaklega velkomin og hvött til þess að mæta í náttfötum og með uppáhaldsbangsann sinn til þess að hlýða á fallega sögu fyrir svefninn.

Lesið fyrir hund er lestrarverkefni sem er unnið í samstarfi við Vigdís - vinir gældýra á Íslandi. Börn lesa fyrir bæði hund og lestrarliða þar sem hundurinn er í aðahlutverki og lestrarliðinn í hlutverki vinar. Áhersla er lögð á að barnið lesi sér til skilnings en ekki að texti sé lesinn lýta-laust þannig að þau geta tekið með sér heimalesturinn frá skólanum eða valið sér spennandi bók á bókasafninu til þess að spreyta sig á. Lesið fyrir hund er haldið reglulega á Bókasafni Garðabæjar Garðatorgi en er einnig á Álfanessafni. Næstu skipti á Garðatorgi eru laugardaganna 10. febrúar og 9. mars frá kl. 11:30 og á Álfanessafni 6. apríl frá kl. 12:30.

Athugið að skráning er nauðsynleg og fer fram í síma 591 4550 eða með tölvupósti [bokasafn@gardabaer.is](mailto:bokasafn@gardabaer.is)



GARÐABÆR


Betri

# GARÐABÆR

Sendu inn þína hugmynd  
fyrir 4. febrúar 2024



Skannaðu kóðann og  
sendu okkur þína hugmynd



# Það vantaði ekkert upp stemmninguna í Mýrinni

Það vantaði ekki stemmninguna á árlegu þorablóti Stjórnunnar sl. föstudag, en blótið fór fram í Mýrinni.

Uppselt var á blótið, en rúmlega 900 matargestir mættu til að gæða sér á þoramatnum frá Jóa í Múlakaffi, svo bættist töluverður fjöldi á dansleikinn rétt eftir miðnætti.

Brynjar Nielsson fyrrverandi alþingismaður sá um veislustjórn á blótinu og sonur hans, Helgi Brynjarsson, var ræðumaður kvöldsins. Þá steig GDRN á svið og söng við góðar undirtektir og þá var komið að hinn söngelsku Garðbæisku fjölskyldu, Pálmari Ólasyni, Hrafnkeli Pálmarssyni og Sigríði Ósk Hrafnkelsdóttur sem keyrðu stuðið í gang og fengu alla gesti upp á stóla til að tjúttu og tralla. Meistarinn, Maggi Diskó, var að sjálfsgöðu á staðnum og sá er alltaf í stuði. Guðrún Árný lét líka ljós sitt skína og svo kom hljómsveitin Bandmenn og hélt stuðinu uppi fram eftir nóttu.





MÚLAKAFFI



**TAKK FYRIR OKKUR  
OG ALLT STUÐIÐ**



**FERMING FRAMUNDAN?**

*Lífið er veisla ... njótum hennar*



ALLIR VELKOMNIR!

ÆFINGAR TIL 31.5.24

# MINI TENNIS

## FJÖR TFK 5-7 ÁRA

FRÍR PRUFUTÍMI!

### TENNISHÖLLIN

Æfingar fara fram í Tennishöllinni. Þar er boðið upp á tennissæfingar fyrir fólk á öllum aldri. Þar er einnig notalegt kaffihús þar sem hægt er að fylgjast með æfingunum!

### ÆFINGATÍMAR

Miðvikudaga 14:30-15:30

Laugardaga 11:30-12:30

Sunnudaga 12:30-13:30

Hægt er að velja æfingatíma!



Skráning og nánari upplýsingar



Tennishöllin í Kópavogi



TFK.is



sindri@tennishollin.is







# Laugardagsfundur 10. febrúar

## Bryndís Haraldsdóttir

Gestur okkar þann 10. febrúar næstkomandi verður Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður og formaður allsherjar- og menntamálanefndar.

Bryndís hefur setið á þingi frá 2016 en var áður öflug í sveitastjórnarmálunum. Hún hefur setið í ýmsum nefndum þingsins og hefur því víðtæka reynslu af fjölda málaflokka.

Bryndís kemur til okkar 10. febrúar kl. 11:00. Heitt á könnunni og allir velkomnir.



## Fleiri viðburðir fram undan:



**27. febrúar kl. 18:00:**

Þriðjudagsfundur með fulltrúum úr hópi bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ.



**9. mars kl. 11:00**

Fjölskyldubingó með Einari Bærðar og bæjarfulltrúum!



**23. mars kl. 11:00: Páskaeggjaleit**

Hin árlega páskaeggjaleit Sjálfstæðisfélagsins fer fram á Garðatorgi 7. Nóg af eggjum og allir velkomnir!



**2. apríl kl. 18:00:**

Þriðjudagsfundur með fulltrúum úr hópi bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ.

Allir fundirnir fara fram í Sjálfstæðisheimilinu að Garðatorgi 7.

Hlökkum til að sjá ykkur!



Sjálfstæðisfélag Garðabæjar

**D**





# Opið hús

í safnaðarheimili Vídalínskirkju  
alla þriðjudaga í vetur



Bára Sigurbjörg Ólafsdóttir



Laufey Jóhannsdóttir



Guðni Ágústsson

## Helgistund kl. 12:00 - opið hús kl. 13:00

- 6. feb. – Janus heilsuefling. Bára Sigurbjörg Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ræðir ávinning fjölþættrar heilsueflingar fyrir 60 ára og eldri. Súpa og brauð.
- 13. feb. – Sprengidagur - baunasúpa að hætti Þórunnar! *Saga dagsins og umræður um gamla tíma.*
- 20. feb. – Starf eldri borgara í Garðabæ. Laufey Jóhannsdóttir formaður kynnir starfið. Súpa og brauð.
- 27. feb. – Hláturinn lengir lífið! - Guðni Ágústsson fyrrv. ráðherra fer með gamanmál . Súpa og brauð.

Verið öll velkomin.

**Matarverð 500 kr.**

# Hvað er Hjallastefnan?

Stofnandi Hjallastefnunnar og frumkvöðullinn, Margrét Pála Ólafsdóttir, hefur margóft staðið frammi fyrir þessari spurningu, sem og við öll sem hjá Hjallastefnunni störfum. Okkur eru ýmsar leiðir færar þegar að því kemur að svara þessari spurningu og svarið getur sannarlega verið fjölbreytilegt, en Margrét Pála svaraði skýrt og skörinort á sínum tíma: „Hjallastefnan er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna“.

## Kærleikur, sköpun og lýðræði

Kærleikur er eitt af lykilhugtökum Hjallastefnunnar, að mæta hverju barni, fjölskyldumeðlimi og starfsfólki öllu með kærleika í öllum samskiptum. Vinsamlegt orðalag sem vel er til þess fallið að skapa kærleiksrikt umhverfi. Jákvæðar staðhæfingar iðkaðar og þjálfaðar.

Sköpun er, eðli málsins samkvæmt, ófrávikjanlegur hluti af skólalífinu. Umhverfi sem hvetur börn til sjálfstæðrar og gagnrýnnar hugsunar skapar frjóan jarð-



veg og gott veganesti til framtíðar. Hið fornkeðna orðatiltæki „æfingin skapar meistaran“ hefur alla tíð verið í hávegum höfð innan Hjallastefnuskóla. Því er nefnilega þannig farið að allt það sem vel er gert krefst æfingar og þjálfunar. Ef börnum er skapað öruggt umhverfi til skoðanaskipta, markmiðasetninga og samskipta þá verða til hreinir galdrar.

Lýðræði er svo grunnþáttur menntunar. Virkt lýðræði verður aldrei að veruleika nema við öll sem erum þátttakendur í samfélaginu fáum að beita okkur og getum notað rödd okkar. Börn og ungmennt eiga rétt á því að hafa mótandi áhrif á samfélagið, þeirra framtíðarsýn skiptir máli og þau þurfa þjálfun í þáttum er þetta varða. Dag hvern þjálfum við okkur í „leikreglum samfélagsins“, við förum á valfundum og fáum þannig að hafa bein áhrif á okkar daglega vinnuumhverfi. Börnin fá að velja sér viðfangsefni sem ríma við þeirra ástríðu, hvort sem það er útivera, listir, lestur eða hvaðeina. Börn eru þjálfuð í að fara eftir reglum, að taka tillit til annarra einstaklinga í samfélaginu. Á valfundum er „fulloröinsvaldið“ sett til hliðar og flyst þá valdið til barnanna. Eins eru lýðræðisfundir haldnir reglulega og þannig geta börn og barnahópar óskað eftir því að fá að hafa áhrif á matseðla, á dagskipulag, föstudagsfjör og svo framvegis.



Bóas Hallgrímsson

## Meginreglur Hjallastefnunnar

Hjallastefnan sem hugmyndafræði hvílir á sex meginreglum og segja má að framsetning þeirra sé í virðingarröð, þó þær séu sannarlega allar jafn mikilvægar og gætu ekki án hvorrar annarrar verið. Í reglum þessum birtast hugsjónir okkar sem störfum innan Hjallastefnunnar og í þeim má finna þau lífsgildi sem við stöndum fyrir, viðhorf, mannskilning og lífsýn. Enn fremur fela meginreglurnar í sér ytri þætti á borð við aðferðir, starfshætti og skipulag skólalífsins. Þannig er fyrsta meginregla „börn og foreldrar“, önnur meginregla er „starfsfólk“, þriðja er „umhverfi“, sú fjórða „efniviður“, svo „náttúra“ og loks „samfélag“.

Markmiðið með meginreglunum er að byggja upp jákvæðan skólalífa og kærleiksrika skólalífa, að byggja upp heilnæmt samfélag innan skólans og þannig hafa jákvæð áhrif til grenndarsamfélags hvers skóla- og samfélagsins í heild.

Samkvæmt fyrstu meginreglu þá er Hjallastefnunna að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldursþópa, kynja og einstaklinga. Okkar er að virða valfrælsi, lýðræði og ólík áhuga-svið þeirra barna sem okkur er treyst fyrir á degi hverjum og hlúa á viðfeman hátt að velgengni allra. Þannig er hvert tækifæri



Sturla Þorsteinsson

gripið til þess að sýna hverju einasta barni jákvæða athygli, kærleika og hlýju í viðmóti. Kynjaskipt skólalífið er til að tryggja jafnræði allra barna, til þess að yta til hliðar staðalmyndum kynjanna og mæta hverju barni sem þeim einstaklingi sem það sannarlega er.

## Að æfa sig í vináttu og samskiptum

Það eru einhverjir töfrar í því fölgirnir að starfa með börnum innan hugmyndafræði sem leggur upp með að þjálfva virðingu, kurteisi, hegðun og framkomu. Að æfa börn í tiltrú á sjálf sig, kerfisbundið, að þjálfva tjáningu, samskipti, viðhorfaiðkun og viðsýni. Allt eru þetta þættir sem við getum þjálfað og æft okkur í, rétt eins og stærðfræði eða tungumál og það gerum við alla daga. Við æfum okkur í vináttu, við æfum okkur í sjálfmildi og við æfum okkur í bjartsýni og gleði. Þessir þættir eru ofnir inn í námskrá skóla Hjallastefnunnar og unnið er með þá á degi hverjum.

Það er einstakt veganesti inn í lífið sem fram undan er að æfa samskipti, viðhorf til verkefna og að beisla kraftinn sem býr innra með hverju okkar.

**Bóas Hallgrímsson**, framkvæmdastjóri fræðslu og fagstarfs Hjallastefnunnar  
**Sturla Þorsteinsson**, kennari við Hjallastefnuna

## Klippidi trjágróður

frá stéttum og stígum

Garðyrkjustjóri vill hvetja lóðarhafa til að huga að gróðri á lóðarmörkum.



Trjá- og runnagróður sem vex út fyrir lóðarmörk eða slútir yfir getur þrengt að umferð á götum, gangstéttum eða stígum.

Í þeim tilvikum þarf að snyrta gróðurinn þannig að allir komist ferða sinna án hindrana.

Lóðarhafa er skylt að halda vexti trjáa eða runna á lóðinni innan lóðarmarka. Sinni hann því ekki og þar sem vöxtur trjáa eða runna fer út fyrir lóðarmörk við götu, gangstíga eða opin svæði er Garðabæ heimilt að láta fjarlægja þann hluta er truflun eða óþrygdi veldur, á kostnað lóðarhafa að undangenginni aðvör.

Lesið má um trjá- og runnaklippingar á vef Garðabæjar: [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

Lögð er áhersla á góða samvinnu við lóðarhafa og upplýsingagjöf.



**GARÐABÆR**  
Garðyrkjustjóri



**Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi**



# Glæða Klaustur lífi

„Nú hefjum við klaustrið aftur til vegs og virðingar. Ég er viss um að það er mikill áhugi á að taka þátt í endurbýggja húsið, varðveita ásýnd þess og að það hýsi starfsemi sem sé samféluginu til góða,“ segir Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar um fyrirhugaða markaðskönnun á samstarfsverkefni um nýtingu, viðhaldi og endurbótum á Holtsbúð 87. Húsið er betur þekkt sem „Klaustrið“ og var í eigu Sankti Jósefssystra.

„Húsið þarfnast þessarar þrennu ef svo má að orði komast, endurbæta það, viðhalda því og það þarf að nýta það,“ segir Almar og bætir því við að sú kvöð hvíli á húsinu samkvæmt kaupsamningi við Sankti Jósefssystur að þar verði starfsemi fyrir aldraða, önnur sambærileg starfsemi á sviði mannúðar, heilbrigðismála eða starfsemi fyrir börn og ungmenni.

## Saga klaustursins

Húsnæðið er um 2.300 fermetrar, en Garðabær úthlutaði systrunum lóðinni við Holtsbúð á árinu 1974 og var það tekið í



„Nú hefjum við klaustrið aftur til vegs og virðingar,“ segir Almar en fyrirhuguð er markaðskönnun á samstarfsverkefni um nýtingu, viðhaldi og endurbótum á gamla nunnuklaustrinu í Holtsbúð 87

notkun nokkrum árum síðar. Klaustrið var heimili systranna hér á landi til ársins 1998 en í desember það ár var húsnæðið leigt Garðabæ til að starfrækja þar hjúkrunarheimili og árið 2014 eignaðist Garðabær húsið.

„Við viljum glæða húsið lífi og hlúa að því. Þetta er góð staðsetning til að rekja slíka

starfsemi í góðri samvinnu við nágretta og næsta umhverfi. Markaðskönnun er fyrsta skrefið þar sem við auglýsum eftir áhugasömum aðilum inn í verkefnið. Síðar tekur við hefðbundin útbóðsferli við val á samstarfsaðila. Reikna má með að niðurstöður liggi fyrir í haust,“ segir Almar um þetta spennandi verkefni.

# Hulda Hreindal sýnir á bókasafninu

Listakonan, Hulda Hreindal Sigurðardóttir opnar sýninguna UMVAF-in-n-n... á Bókasafni Garðabæjar á Safnanótt, í dag, fimmtudaginn 2. febrúar klukkan 19:00 og eru allir boðnir velkomnir.



Sýning Huldu verður opnuð á Bókasafni Garðabæjar í dag, fimmtudaginn 2. febrúar kl. 19 og eru allir boðnir velkomnir á opnunina

„Hér er ég enn einu sinni að opna sýningu á Bókasafninu í samstarfi Grósku, félag myndlistarmanna í Garðabæ. Yfirleitt hef ég sýnt ný verk unnin fyrir væntanlega sýningu í bland við ung verk frá sama tímabili. Síðasta sýning sem ég var þó með, fyrir rúmu ári síðan á bókasafninu, Ást í Meinum Ást í Leynum... var ég með eldri verk sem voru í sterkum litum og nær eingöngu í grunnlitunum,“ segir Hulda

Á þessari sýningu sem opnar 2. febrúar næstkomandi er þemað einnig Ástin, og jú sem passar ágætlega þar sem Valentínusardagurinn er framundan.


„Verkin sem ég sýni núna eru líka gömul akrýl verk, öllu mýkri og í mildari litum, unnin á bilinu 2011 til 2013. Einnig lauma ég inn 2 landslagsmyndum sem málaðar eru á þeim tíma. Flest verkanna hef ég ekki sýnt áður en þó er eitt málað 2016 fyrir Gróskusýningu, þar sem þemað var, Hamingjan er hér. Verkið nefnist á ensku T-4-2 eða Te fyrir tvo,“ segir hún.

Sýningin mun standa út febrúar og er aðgengileg á opnunartíma safnsins.



## Tenging Flóttamannavegar við Urriðaholt

Sviðsstjóri umhverfissviðs Garðabæjar gerði grein fyrir stöðu mála varðandi tengingar Urriðaholts við Flóttamannaveg á fundi bæjarráðs sl. þriðjudag, en samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir að Flóttamannavegur verði tengibraut. Samkvæmt deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts er gert ráð fyrir að bæði Holtsvegur og Urriðaholtsstræti geti tengst Flóttamannavegi. Einnig var rætt um stöðu mála varðandi umferðarflæði og tengingar við Reykjanesbraut. Bæjarráð fól bæjarstjóra að vinna að undirbúningi vegna tengingar Urriðaholts við Flóttamannaveg.



VALENTÍNUSARDAGURINN 14.FEBRÚAR KONUDAGURINN 25.FEBRÚAR

## ÁST Í POKA SEM HÆGT ER AÐ LOKA



Þú kaupir Essential Hair Care sjampó og næringu og færð LOVE body lotion eða sturtusápu með í kaupbæti

davines

ÞÚ FINNUR ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR UM VÖRURNAR OKKAR OG SÖLUSTADI Á WWW.BPRO.IS

## DEILISKIPULAG

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður, endurskoðun deiliskipulags Hnoðrahólts norður og tillögu að breytingu deiliskipulags Kjóavalla í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagsgáttar nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

### Hnoðraholt norður – Endurskoðun deiliskipulags

Tillagan gerir ráð fyrir endurskoðun á uppdrætti og greinargerð deiliskipulags Hnoðrahólts norður með tilliti til áður samþykkrar breytinga. Endurskoðunin felur í sér uppfærslur og lagfæringar á uppdrætti og texta greinargerðar sem er ætlað að skýra markmið og áherslur deiliskipulagsins. Sú breyting sem gerð er frá gildandi tillögu gerir ráð fyrir því að bílakjallarar verða heimilaðir undir fjölbýlishúsum norðan Vorbrautar og að hámarksfjöldi íbúða í þeim húsum eykst úr 83 í 96. Gert verður ráð fyrir að þau bílastæði sem bætast við umfram þau sem fram koma á uppdrætti verði innan byggingarreits eða í kjallara.

Auglýst greinargerð og meðfylgjandi uppdráttur er ætlað að leysa gildandi deiliskipulag Hnoðrahólts norður af hólmi

### Kjóavellir, hesthúsabyggð og keppnisleikvangur – Deiliskipulagsbreyting

Tillagan gerir ráð fyrir breikkun byggingarreita og breytingu á ákvæðum um þakform í Andvarahverfi til samræmis við ríkjandi þakform í byggðinni.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef skipulagsgáttar Skipulagsstofnunar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) og á heimasíðu Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is).

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn rafrænar athugasemdir til og með 8. mars 2024 í gegnum vef skipulagsgáttar eða á netfangið [skipulag@gardabaer.is](mailto:skipulag@gardabaer.is).

GARÐABÆR  
gardabaer.is



# LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta.  
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

**OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR**

MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



**EFNALAUG  
GARÐABÆJAR**

EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680

# SAFNA

# NÓTT

2. febrúar  
2024

## Bókasafn

### Garðabæjar

kl. 17 – 20

Notaleg  
fjölskyldustemning!

Barnakór Sjálandsskóla og  
Bingó.

Skapandi smiðja með  
grafíska hönnuðinum  
Unu Maríu  
og sýningaropnun Grósku.

## Hönnunarsafn Íslands

kl. 20 – 22

Tónlist og tjútt  
um allt safn!

Opnun á sýningunni Veggplöntur  
eftir Lilý Erlu Adamsdóttur á  
Hönnunarsafnið sem heimili.

Marta Staworowska gullsmiður  
flytur inn í vinnustofuna.

[vetrarhatid.is](http://vetrarhatid.is)  
#vetrarhatid



VETRARHÁTÍÐ